

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði)

1.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnendar Alþingis frá 3. janúar 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði), (pskj. 27, 27. mál á 154. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að úrræðið um greiðsluáðlögun einstaklinga verði gert heildstæðara en nú er og að málsmeðferðin verði skýrari og skilvirkari.

Þess skal getið að Persónuvernd hefur veitt félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu umsögn um frumvarpsdrögin á fyrri stígum, þ.e. þegar óskað var umsagna í samráðsgátt stjórnvalda þann 28. september 2023. Hjálagt er fyrri umsögn Persónuverndar.

Við athugasemdum Persónuverndar við drög að því frumvarpi sem hér er til umsagnar, sem sendar voru félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu með áður nefndri umsögn, dags. 13. október 2023, hefur verið brugðist að einhverju leyti en þykir þó tilefni til að ítreka aðrar athugasemdir stofnunarinnar og verður það gert hér í framhaldi.

2.

Í áður nefndri umsögn Persónuverndar, dags. 13. október 2023, voru gerðar athugasemdir við ákvæði b-liðar 13. gr., 14. gr., b-liðar 15. gr. og 16. gr. frumvarpsdraganna, sem eru samhljóða sömu ákvæðum í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Þá voru gerðar athugasemdir við 20. gr. draganna sem er samhljóða 21. gr. frumvarpsins. Í öllum framangreindum ákvæðum frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir heimild umboðsmanns skuldara til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga við tilteknar aðstæður.

Vísaði Persónuvernd í umsögn sinni til þess að af frumvarpsdrögunum mætti ráða að matskennt gæti verið hvaða viðkvæmu persónuupplýsingar ábyrgðaraðili teldi nauðsynlegt að miðla til þriðju aðila hverju sinni og benti á að slík matskennd lagaákvæði gætu falið í sér ákveðna áhættu og því ætti að huga að því að setja fram skýrar viðmiðanir um túlkun þeirra. Í því sambandi áréttaði Persónuvernd mikilvægi þess að gætt yrði að sjónarmiðum um meðalhóf, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 við fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga. Þá benti Persónuvernd á að tryggja þyrfti að ekki væru skráðar meiri upplýsingar en nauðsynlegt væri talið miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni og benti á að æskilegt væri að fjalla nánar um það, t.d. í greinargerð, hvernig best væri að slík miðlun færi fram til að tryggja meðalhóf.

Við framangreindum athugasemdum Persónuverndar við drög að því frumvarpi sem hér er til umsagnar, var brugðist að einhverju leyti en ekki öllu. Nánar tiltekið hafa einungis verið færðar skýringar í samræmi við framangreint, í athugasemdir í greinargerð með ákvæði b-liðar 13. gr. frumvarpsins en ekki með öðrum framangreindum ákvæðum frumvarpsins.

Að framangreindu virtu áréttar Persónuvernd þau sjónarmið sem komu fram í fyrri umsögn stofnunarinnar og leggur til að í athugasemdum í greinargerð með öllum framangreindum ákvæðum



verði að finna skýrari viðmiðanir um túlkun þeirra með hliðsjón af sjónarmiðum um meðalhóf, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, með samþarilegum hætti og nú er gert í athugasemdum með b-lið 13. gr. frumvarpsins, eftir því sem við á. Vísast að öðru leyti til fyrri umsagnar þessum atriðum til nánari skýringa.

Þá er í greinargerð með frumvarpinu vísað til þess að unnið verði eftir ströngum vinnureglum við meðferð og miðlun umræddra upplýsinga. Persónuverndar áréttar fyrri athugasemd sína um að æskilegt sé að af frumvarpstextanum megi betur ráða hvert efni þeirra vinnureglna eigi að vera.

3.

Í áðurnefndri umsögn Persónuverndar var minnt á að vegna viðkvæms eðlis þeirra persónuupplýsinga sem til stendur að miðla af hálfu ábyrgðaraðila til þriðju aðila samkvæmt frumvarpinu og með hliðsjón af því að sú miðlun gæti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga gæti þurft að huga að þörf fyrir mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Ekki er að sjá að brugðist hafi verið við framangreindri athugasemd í þeim frumvarpsdrögum sem nú eru til umsagnar. Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu, þar sem fjallað er um mat á áhrifum, er einungis vísað til 28. gr. frumvarpsins, sem fjallar um skyldu umboðsmanns skuldara til að fylgja skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá er þar sérstaklega áréttað að embættid skuli gæta öryggis við sendingu og meðferð persónuupplýsinga og að sett verði öryggisstefna, áhættumat verði framkvæmt og gerðar aðrar öryggisrádstafanir í samræmi við meginreglur um persónuvernd.

Með vísan til framangreinds áréttar Persónuvernd fyrri athugasemd sína sem lýtur að því að rétt getur verið að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, skv. 29. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, við *undirbúning* lagafrumvarpsins, þar sem með frumvarpinu er lögð til ákveðin vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sem meta ætti, áður en lög eru sett, hvort er í raun nauðsynleg með hliðsjón af tilgreindum tilgangi og, ef svo, hvernig hægt er að takmarka áhættu fyrir skráða einstaklinga.

Persónuvernd bendir á að ákveðið hagræði felst í því að framkvæma slíkt mat á undirbúningsstigi þar sem þá er í upphafi lagður grundvöllur að því að fyrirhuguð vinnsla persónuupplýsinga samrýmist kröfum persónuverndarlöggjafarinnar.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Persónuvernd áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við þinglega meðferð málsins ef stofnunin telur þörf á.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Inga Amal Hasann